

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti þannig að tekið sé mið af þörfum íbúa. Sjóðurinn styrki einkum hverfisbundin félagasamtök, íbúa og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið til hliðsjónar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir til hverfistengdra verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. Styrkir úr sjóðnum ná fyrst og fremst til hverfisráða Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta hverfisráð sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Sjóðnum skal skipt milli hverfisráða til úthlutunar. Skipting fjármagns milli hverfisráða verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda.

4. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki fyrir 1. apríl ár hvert. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara heldur utan um auglýsingar í samráði við hverfisráðin.

5. gr.

Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum skal tekin af viðkomandi hverfisráði. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

6. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar.

7. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyriræki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

Athugasemd [user1]: Ekki höfð með setning sem er í hinum úthlutunarreglum um að styrkir séu ekki veittir til sama verkefnis oftast en einu sinni nema rökstuðningur fylgi. Er það gert þar sem fleiri hverfisráð tóku fram í umsögnum sínum að slíkt ákvæði væri takmarkandi.

8. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

9. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.

10. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

11. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

Samþykkt í borgarráði [Dags.]